

Yfirlit yfir virkjunaathuganir á  
Vestfjörðum.

Á síðastliðnum vetri 1951- '52 voru gerðar virkjunaráætlanir um eftirtaldar ár á Vestfjörðum.

Fossá í Fossfirði  
Seljadalsá við Bíldudal  
Ósá í Patreksfirði  
Suðurfossá á Rauðasandi  
Vatnsdalsá í Vatnsfirði  
Húsadalsá í Mjóafirði  
Hvallátursá í Dýrafirði  
Þverá við Nauteyri.

Áætlanir um sex hinar fyrst töldu eru byggðar á mælingum frá sumrinu 1951, en um tvær hinar síðasttöldu á eldri mælingum. Vatnamælingar eru mjög af skornum skammti við ofantaldar ár og því erfitt að segja fyrir um virkjanlegt rennsli. Við Þverá og Húsadalsá hafa þó verið settir upp vatnshæðarmælur, sem lesið er reglulega á.

Síðastliðinn vetur gerði S.Rist samanburðarmælingar á ýmsum ám á Vestfjörðum og benda þær til, að rennsli hinna smærri áa sé mun minna en vonir stóðu til og gert er ráð fyrir í áætlunum. Samkvæmt uppl. S.Rist áætlast minnsta rennsli eftirtaldra áa á Vestfjörðum.

Fossá í Fossfirði	10 l/sek pr km <sup>2</sup>
Seljadalsá við Bíldudal	5 " " "
Suðurfossá á Rauðas.	5 " " "

Vatnsdalsá í Vatnsfirði	17 l/sek pr km <sup>2</sup>
Húsdalsá í Mjóafirði	8 " " "
Fverá við Nauteyri	6 " " "
Árnar í Engidal	12 " " "
Fossá við Bolungarvík	60 " " "
Tunguá í Tálknafirði	17 " " "
Dynjandisá	40 " " "
Mjólká	45 " " "

(Að meðaltali rúmir 20 l/sek pr km<sup>2</sup>).

Hér mun víða vera um algert minnsta rennsli að ræða, en hve miklu meira, hagkvæmt má telja að virkja, fá reglubundnar vatna-mælingar einar skærið úr.

Fer hér á eftir yfirlit yfir stærð og stofnkostnað hinna ýmsu virkjanna, sem áætlanir voru gerðar um.

#### Fossá í Fossfirði (B2M 19).

Gert er ráð fyrir að virkja ca. 45 m brúttáfallhæð og miða virkjun við 20 l/sek pr km<sup>2</sup>. Stærð úrkomusvæðis er ca 30 km<sup>2</sup> og afl með dægurmiðlun 300 kW. Stofnkostnaður er áætlaður ca 3,2 milj. kr. og er þá reiknað með línu til Bíldudals. Gerð var einnig áætlun um 220 kW virkjun miðað við 15 l/sek pr km<sup>2</sup>. Stofnkostnaður varð þá ca 3,0 milj. kr.

#### Seljadalsá við Bíldudal (B2M 19).

Áætlað var að virkja 130 m brúttófallhæð. Stærð virkjuna-innar miðaðist við 15 l/sek pr km<sup>2</sup>. Stærð úrkomusvæðis er 11 km<sup>2</sup>. Afl með dægurmiðlun verður þá 220 kW. Ef reiknað er með línu til Bíldudals áætlast stofnkostnaður 2,9 milj. kr.

Ósa í Patreksfirði (B2M 19).

Ráðgert er að virkja 49 m brúttófallhæð og miða afl við 20 l/sek pr km<sup>2</sup>. Stærð úrkomusvæðis er ca 20 km<sup>2</sup> og afl án miðlunar ca 135 kW. Stofnkostnaður áætlast ca 2,5 milj. kr. og er þá reiknað með línu til Patreksfjarðar.

Suðurfossá á Rauðasandi (B2M 19).

Áætlun miðast við að virkjuð sé 149 m brúttófallhæð og nýtanlegt rennsli svari til 20 l/sek pr km<sup>2</sup>. Stærð úrkomusvæðis er 19 km<sup>2</sup> og er þá reiknað með veitu úr Gyltubósá (Oddavatni). Afl yrði þá ca 580 kW. Stofnkostnaður áætlast ca 5,3 milj. kr. og er þá reiknað með línum til Patreksfjarðar.

Vatnsdalsá í Vatnsfirði (B2M 19).

Brúttófallhæð reiknast 13 m og gert er ráð fyrir að miða megi virkjun við 30 l/sek pr km<sup>2</sup>, og þá reiknað með nokkurri rennslisjöfnun í Vatnsdalsvatni. Stærð úrkomusvæðis er 95 km<sup>2</sup>. Með dægurmiðlun yrði afl þá ca 380 kW. Stofnkostnaður áætlast ca 7,1 milj. kr. og er þá reiknað með línum til Bíldudals og Patreksfjarðar.

Hvallátursá í Dýrafirði (B2M 19).

Gert er ráð fyrir að virkja um 300 m brúttófallhæð. Stærð úrkomusvæðis er ca 11 km<sup>2</sup> og reiknað er með að nýta 9 l/sek pr km<sup>2</sup>. Virkjanlegt afl með dægurmiðlun verður þá ca 300 kW. Stofnkostnaður áætlast ca 3,2 milj. kr. og er þá innifalinn áætlaður línukostnaður til Þingeyrar.

Rétt er að taka það fram, að ofangreindar áætlanir eru frum-áætlanir og að í stofnkostnaði eru íbúðarhús fyrir starfsmenn ekki reiknuð með.

Til samvirkjunar fyrir Vestfirði hafa fjórar ár komið til athugunar:

Húsadalsá í Mjóafirði

Fverá við Nauteyri

Dynjandisá og

Mjólká í Arnarfirði.

Um tvær hinar fyrst nefndu voru lauslegar kostnaðaráætlanir gerðar síðastliðinn vetur, en all umfangsmiklar mælingar eru gerðar á Dynjandis- og Mjókársvæðinu á þessu sumri og er þeim senn lokið.

Húsadalsá í Mjóafirði (B2M 283).

Gert var ráð fyrir að virkja um 400 m brúttófallhæð og nýtanlegt afl með stórfelldri miðlun yrði ca 4000 kW. Stofnkostnaður án línukostnaðar áætlast ca 58 milj. kr. Virkjunin yrði ærið kostnaðarsöm og kæmi því vart til greina.

Fverá við Nauteyri (Skúfnævötn; B2M 222).

Áætlað var að virkja um 360 m brúttófallhæð og að virkjanlegt afl með stórfelldri miðlun yrði ca 15000 kW. Stofnkostnaður áætlaðist ca 90 milj. kr. án línukostnaðar. Virkjunin er því frekar hagstæð, en til samanburðar við virkjun Dynjandis- og Mjólkár verður að taka til greina meiri línukostnað og erfiðari aðstaður til að virkja í áföngum.

Dynjandis- og Mjólkár virkjun (B2M 76).

Eins og áður er tekið fram, hafa allýtarlegar mælingar farið fram og Dynjandis- og Mjólkársvæðinu á líðandi sumri til viðbótar eldri mælingum á þeim slóðum. Mælt hefur verið fyrir uppstöðum á úrkomusvæðum beggja ána, veitu milli ána og pípu- eða tunnelstaði frá (vötnunum SV af) Eyjarvatni niður að bænum Dynjandi.

Gert er ráð fyrir, að unnið verði úr mælingum í haust og vetur, en að vori yrðu síðan gerðar frumáætlanir um virkjun.

Til greina kemur að virkja árnar saman, eða sína í hvoru lagi. Varu árnar virkjaðar saman mætti nýta um 350 m fallhæð, t.d. frá Eyjarvatni að sjóð. Með miðlun er ekki ólíklegt að mesta virkjað rennsli yrði ca  $5 \text{ m}^3/\text{sek}$ , sem svarar til ca 12000 kW.

Tölur þessar eru ágizkanir, en nákvamar tölur um virkjanlegt afl, munu að sjálfsögðu liggja fyrir, þegar frumáætlun hefur verið gerð. Reglubundnar vatnamælingar hafa verið gerðar í ánum síðastliðin sex ár.

Á næsta sumri er frumáætlanir hafa verið gerðar er svo ráðgert að láta jarðfræðing athuga svæðið og gera minniháttar viðbótarmælingar, ef þörf krefur.

Reykjavík, 14. 8. '52,

Loftur Þorsteinsson.